

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Brautarholtsvegur, Kjalarnesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 16. júlí 2009 deiliskipulag fyrir Brautarholtsveg á Kjalarnesi vegna legu stígs meðfram vegi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Mjóstræti 4.

Í samræmi við skipulags og byggingarlög samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 12. ágúst 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grjótaþorp, vegna lóðarinnar að Mjóstræti 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 11. september 2009.

Ólöf Örvarsdóttir.
